

Tímalína verkefnis til að auka kosningaþátttöku í ráðum Reykjavíkurborgar.

Ár 2017

5. október 2017. Á fundi borgarráðs er lögð fram tillaga borgarstjóra að settur verði saman hópur sérfræðinga sem geri tillögur að aðgerðum til þess að auka kosningaþátttöku í næstu sveitarstjórnarkosningum. Bæði verði hugað að almennum aðgerðum og sérstaklega leitað leiða til þess að auka kosningaþátttöku ungs fólks og fólks af erlendum uppruna. Rannsóknir sýna að kosningaþátttaka þessara hópa er mun verri en almennt gerist, og því brýnt að leita allra leiða til þess að auka hana. Tillögurnar verði unnar í samvinnu við Reykjavíkurráð ungmenna og fjölmeningarráð og verði lagðar fram í stjórnkerfis- og lýðræðisráði og mannréttindaráði. *Tillögunni frestað.*

12. október 2017. Á fundi borgarráðs er lögð fram tillaga borgarstjóra að settur verði saman hópur sérfræðinga sem geri tillögur að aðgerðum til þess að auka kosningaþátttöku í næstu sveitarstjórnarkosningum. Bæði verði hugað að almennum aðgerðum og sérstaklega leitað leiða til þess að auka kosningaþátttöku ungs fólks og fólks af erlendum uppruna. Rannsóknir sýna að kosningaþátttaka þessara hópa er mun verri en almennt gerist, og því brýnt að leita allra leiða til þess að auka hana. Tillögurnar verði unnar í samvinnu við Reykjavíkurráð ungmenna og fjölmeningarráð og verði lagðar fram í stjórnkerfis- og lýðræðisráði og mannréttindaráði. *Tillagan samþykkt.*

16. nóvember 2017. Á fundi borgarráðs er lagt fram bréf borgarstjóra, dags. 10. nóvember 2017, þar sem drög að erindisbréfi starfshóps um leiðir til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum 2018 eru lögð fram til kynningar.

Ár 2018

23. janúar 2018. Á fundi mannréttindaráðs fer fram kynning á skýrslu starfshóps um leiðir til þess að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum 2018. *Samþykkt að vísa skýrslunni til borgarráðs.*

Lögð fram svohljóðandi bókun mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar: Mannréttindaráð þakkar starfshópi sem skipaður var í nóvember sl. til að finna leiðir til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum 2018. Í skýrslunni er að finna áhugaverðar tillögur til að auka kosningaþátttöku jaðarsettra hópa í borgarstjórnarkosningum. Ljóst er að slíkt verkefni þarf að vinna til langs tíma, en fagnar mannréttindaráð þeirri viðleitni sem felst í tillögum starfshópsins til að auka kosningaþátttöku.

29. janúar. Á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs eru lagðar fram tillögur starfshóps um aukna kosningaþátttöku 2018.

Samþykkt að vísa tillögum starfshópsins til borgarráðs.

30. janúar 2018. Á sameiginlegum fundi borgarstjórnar og fjölmeningarráðs er tillögurnar kynntar.

Borgarstjórn og fjölmeningarráð leggja fram svohljóðandi sameiginlega bókun:

Skýrsla starfshóps um leiðir til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum 2018 leiðir í ljós að þó að innflytjendum á kjörskrá hafi fjölgað á undanförunum árum þá hafi kosningaþátttaka þeirra dregist verulega saman. Samkvæmt skýrslunni felst stærsta hindrunin

á vegi þátttöku þeirra í skorti á skýrum, einföldum og aðgengilegum upplýsingum um allt er varðar kosningar. Margir vita til að mynda ekki einu sinni af því að þeir hafa kosningarétt. Í skýrslunni eru lagðar fram ýmsar tillögur til að bæta úr upplýsingagjöfni. Fjölmeningarráð óskar einnig eftir því að Borgarstjórn Reykjavíkur hvetji hverfisráðin til að koma með áætlun fyrir hvert og eitt hverfi um hvernig þau geti náð til Reykvíkinga af erlendum uppruna, upplýsa þá um kosningarétt sinn og málefni hverfisins.

31. janúar 2018. Voru tillögurnar og skýrslan kynnt á fundi öldungaráðs.

8. febrúar 2018. Lagt fram í borgarráði bréf borgarstjóra, dags. 5. febrúar 2018, þar sem lagt er til að borgarráð samþykki að tillögur starfshóps um leiðir til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum verði settar í framkvæmd.

Tillagan samþykkt.

21. mars 2018. Á fundi öldungaráðs fer fram umræða um skýrslu starfshóps um leiðir til þess að auka kosningaþátttöku og þá einkum aðgerðir til að auka kosningaþátttöku eldri kvenna 80 ára og eldri.

06. apríl 2018. Erindi sent til yfirkjörstjórnar vegna útsendingu smáskilaboða.

11. apríl 2018. Svar berst frá Yfirkjörstjórn.

26. apríl. Á fundi borgarráðs er lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að borgarráð leiti eftir álitum Persónuverndar vegna fyrirhugaðra aðgerða Reykjavíkurborgar í því skyni að auka þátttöku ákveðinna hópa í komandi borgarstjórnarkosningum. R17110191

Frestað

27. apríl 2018. Erindi til Póst- og fjarskiptastofnunar vegna útsendingu smáskilaboða.

27. apríl 2018. Erindi sent til Hagstofu vegna óska um úrvinnslu úr kjörskráum í kjölfar borgarstjórnarkosninga vegna ungra kjósenda.

03. maí 2018. Erindi sent til Persónuverndar vegna útsendingu smáskilaboða.

03. maí 2018. Erindi sent til Hagstofu vegna óska um úrvinnslu úr kjörskráum í kjölfar borgarstjórnarkosninga vegna kvenna 80+ og innflytjenda.

04.maí 2018. Svar Hagstofu berst.

04. maí 2018. Erindi sent til Þjóðskrár vegna upplýsinga úr kjörskrá. Lista yfir unga kjósendur.

04. maí 2018. Erindi sent til Þjóðskrár vegna upplýsinga úr kjörskrá. Lista yfir konur 80 + og innflytjendur.

08. maí 2018. Svar berst frá Póst -og fjarskiptastofnun.

08.maí 2018. Voru verkefnið kynnt á fundi stjórnkerfis- og lýðræðisráðs.

14. maí 2018. Bréf til ungra kjósenda, innflytjenda og kvenna er sent í póst.

14. maí 2018. Svar best frá Persónuvernd vegna útsendingu smáskilaboða.

15. maí 2018 Á fundi borgarstjórnar er lögð fram tillaga fulltrúa sjálfstæðisflokksins.

Lagt er til að borgarstjórn leiti eftir álit Persónuverndar vegna fyrirhugaðra aðgerða Reykjavíkurborgar í því skyni að auka þátttöku ákveðinna hópa í komandi borgarstjórnarkosningum.

Samþykkt með níu atkvæðum borgarfulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata að vísa tillöggunni til borgarráðs gegn fimm atkvæðum borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og Sveinbjargar Birnu Sveinbjörnsdóttur óháðs borgarfulltrúa. Borgarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina situr hjá við afgreiðslu málsins. R17110191

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins telja rétt að vísa tillögum um leiðir og aðgerðir til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningunum 2018 til umsagnar Persónuverndar. Vafi leikur t.d. á því hvort heimilt sé að fara í aðgerðir í þeim götum þar sem kosningaþátttakan er dræm. Staðreyndin er sú að í sumum götum eru mjög fáir íbúar og auðvelt að leiða að því líkum hverjir eiga í hlut. Hjá Reykjavíkurborg eru til gögn um kjörsókn 2014 greind eftir kjördeildum. Auk þess sem skrifstofa borgarstjórnar býr einnig yfir gögnum um nákvæmlega hvaða götur og húsnúmer eru skráð á þessar kjördeildir og því hægðarleikur að nálgast þessa íbúa með bréfpósti og hvetja þá til að nýta kosningaréttinn. Þess vegna teljum við rétt að leitað verði álits Persónuverndar.

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Það ætti að vera öllum flokkum kappsmál að auka kosningaþátttöku, hvort sem er til Alþingis, sveitarstjórnar eða í forsetakjöri.

17. maí 2018. Á fundi borgarráðs fór fram fer kynning á aðgerðum Reykjavíkurborgar til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum.

Á sama fundi er lögð fram að nýju tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins vegna aðgerða Reykjavíkurborgar til að auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningum 2018, sbr. 49. lið fundargerðar borgarráðs frá 26. apríl 2018 og 3. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 15. maí 2018.

Lögð fram svohljóðandi breytingatillaga borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata:

Lagt er til að mannréttindastjóra verði falið að hafa áfram samráð við Persónuvernd og aðra viðeigandi eftirlitsaðila við vinnslu aðgerða borgarráðs til auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningunum 26. maí 2018. R17110191

Lögð fram svohljóðandi breytingartillaga borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata:

Lagt er til að mannréttindastjóra verði falið að hafa áfram samráð við Persónuvernd og aðra viðeigandi eftirlitsaðila við vinnslu aðgerða borgarráðs til auka kosningaþátttöku í borgarstjórnarkosningunum 26. maí 2018.

Samþykkt.

Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá við afgreiðslu málsins.

17. maí 2018. Bréf frá Persónuvernd, dags. 14. maí þar sem óskað er eftir upplýsingum um öll þau bréf sem send verða ungum kjósendum fyrir komandi kosningar og öll þau gögn sem málið varðar.

17. maí 2018. Svar sent til Persónuverndar með bréfum til ungra kjósenda sem kjósa í fyrsta sinn í borgarstjórnarkosningum.

18. maí 2018. Persónuvernd óskar m.a. eftir bréfum til kvenna 80 ára og eldi og innflytjenda.

19. maí 2018. Erindi sent til Persónuverndar með bréfum til kvenna 80. ára og eldri og þeir innflytjendur sem hafa fengið kosningarrétt frá síðustu borgarstjórnarkosningum.

22. maí 2018. Erindi sent til Persónuverndar, Hagstofu, Dómsmálaráðuneytis og Umboðsmanns Alþingis um almannahagsmuni rannsóknarinnar.

23. maí 2018. Svar berst frá Dómsmálaráðuneyti um andlag rannsóknar.

24. maí 2018. Erindi sent til Persónuverndar, Dómsmálaráðuneytis, Umboðsmanns Alþingis, Hagstofu og Yfirkjörstjórnar í Reykjavík með upplýsingum frá Reykjavíkurborg og rannsakendum um ástæðu þess að kjósendur hefðu ekki verið upplýstir um rannsóknina.

12. júní 2018. Tilkynnir persónuvernd um frumkvæðisathugunar á vinnslu persónuupplýsinga úr kjörskrá og rannsókn á kosningaþátttöku, samhliða framkvæmd borgarstjórnarkosninga í Reykjavík í maí 2018.

25. júní 2018. Er óskað ef fresti á svörum vegna frumkvæðisrannsóknar.

13. júlí 2018. Persónuvernd send svör vegna frumkvæðisrannsóknar.

30. júlí 2018. Erindi berst frá Persónuverndar um að Hagstofa sé ekki lengur aðila að rannsókn Persónuverndar.

19.september 2018. Erindi berst frá Persónuvernd vegna aðkomu Þjóðskrár að frumkvæðisrannsókn.

Ár 2019

1. febrúar 2019. Ákvörðun persónuverndar send Reykjavíkurborg.